

## **FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**904. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 2. maí 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Fundinn sátu:**

Elín Jóna Rósinberg aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

**Embættismenn:**

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

**Fundarritari:**

Guðrún Ragnarsdóttir.

**Afgreiðslur:**

1. **1505035 Beiðni Icecal ehf. um töku á kalkþörungaseti í Miðfirði.** Fulltrúar ICECAL ehf. þeir Kristján Karl Aðalsteinsson, Guðmundur Valgeir Magnússon og Davíð Jónsson mættu á fundinn undir fyrsta lið og fóru vel yfir og skýrðu hugmyndir sínar um uppbyggingu starfsemi í Húnaþing vestra.  
Lagt fram til kynningar tölvubréf Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem fram kemur að vegna anna nefndarinnar sé úrskurðar ekki að vænta á næstunni og geti tekið eitt ár frá því kæra Húnaþings vestra barst.
2. **1306003 Lögð fram til kynningar Rannsóknarskýrsla Veiðimálastofnunar á vötnum á Víðidalstunguheiði.**
3. **1604058 Lagt fram bréf frá Leikskólanum Ásgarði** dags. 20. apríl sl. Í bréfinu kemur fram að leikskólinn er að sækja um Grænfána númer 2 til Landverndar og af því tilefni verði haldinn umhverfisdagur 2. júní nk. þar sem m.a. verði lagt til að hafa bíllausan dag. Leikskólinn óskar eftir að Húnaþing vestra taki þátt í verkefninu með því að hvetja þá íbúa sem mögulega geta til að leggja bílum sínum þennan dag. Byggðarráð samþykkir erindið og lýsir ánægju með framtakið.
4. **1604060 Lagður fram til kynningar ársreikningur Hafnasambands Íslands**
5. **1604057 Lögð fram til kynningar ársskýrsla og ársreikningur Veiðifélags Miðfirðinga**
6. **1604063 Lagður fram til kynningar ársreikningur Selaseturs Íslands ehf.**
7. **1604053 Lagt fram bréf frá Kaupfélagi Vestur-Húnvetninga** dags. 14. apríl sl. Umsókn um lóð á hafnarsvæði undir geymslusvæði. Byggðarráð tekur vel í erindið og vísar því til skoðunar umhverfis- og skipulagsráðs.

8. **1604065 Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 31. mars sl. um breytingu á starfsemi heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og hugmyndir Sambandsins um framtíðarskipan þeirra.** Óskað er eftir að fá skriflegt álit sveitarstjórnar á tillögum Sambandsins fyrir 15. maí nk. Sveitarstjóra falið að afla nánari upplýsinga um málefnið og leggja fyrir næsta fund byggðarráðs..
9. **1604071 Lögð fram til kynningar lokaskýrsla starfshóps Sambands íslenskra sveitarfélaga um stefnumótun í úrgangsmálum.**
10. **Fundargerðir SSNV lagðar fram til kynningar.**
  - 1604073 fundargerð stjórnar frá 12. janúar sl.
  - 1604074 fundargerð stjórnar frá 2. febrúar sl.
  - 1604075 fundargerð stjórnar frá 8. febrúar sl.
  - 1604076 fundargerð stjórnar frá 2. mars sl.
  - 1604081 fundargerð stjórnar frá 5. apríl sl.
  - 1604082 fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 28. apríl sl.
11. **1604042 Lagt fram til kynningar bréf Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. dags. 14. apríl sl.** Þar sem tilkynnt er að arður til útborgunar til Húnaþings vestra á árinu 2016 verði kr. 3.736.312.
12. **1604084 Lögð fram ósk frá Svönu Sigtryggisdóttur um framlengingu á launalausni leyfi til 31. desember nk.** Skólastjóri grunnskólans mælir með að leyfið verði veitt. Byggðarráð samþykkir beiðnina.
13. **1604083 Lagt fram til kynningar boð um ráðstefnu um úrgangsmál á Norðurlandi sem haldin verður á Hótel KEA í dag 2. maí.**
14. **1604085 Lagt fram erindi frá félagsmálaráði, sbr. eftirfarandi bókun úr fundargerð 170. fundar:** Erindi frá Jafnréttisstofu, kannaður er áhugi hvort Húnaþing vestra hafi áhuga á að skipuleggja og halda landsfund jafnréttisnefnda haustið 2016. „Jafnréttisnefnd tekur vel í erindið og biður starfsmann nefndarinnar að kynna erindið fyrir Byggðarráði.“ Byggðarráð bendir á að þessi beiðni hefði þurft að koma fram við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2016 og sér sér ekki fært að samþykkja hana að þessu sinni. Byggðarráð lýsir yfir áhuga á að landsfundur jafnréttisnefnda verði haldinn í Húnaþingi vestra þó það geti ekki orðið á þessu ári og hvetur félagsmálaráð að senda inn beiðni og kostnaðaráætlun fyrir fjárhagsáætlunargerð ársins 2017.
15. **1604052 Lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu við forsetakosningar 2016.** Byggðarráð samþykkir að hafa óbreytt fyrirkomulag á utankjörfundaratkvæðagreiðslunni og hún fari fram samkvæmt beiðni sýslumanns hjá Guðrúnu Ragnarsdóttur á skrifstofu sveitarfélagsins í Ráðhúsinu.

Samþykkt að taka á dagskrá:

**16. 1605001 Lagt fram aðalfundarboð Farskólans- miðstöð símenntunar á Norðurlandi vetra** sem haldinn verður 11. maí nk. í Farskólanum við Faxatorg kl 13:30. Fulltrúar Húnaþings vestra eru Magnús Magnússon og Guðfinna Kristín Ólafsdóttir til vara.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:27

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

---

Elín R. Líndal

---

Guðný Hrund Karlsdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir